

REGLUR

um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vörutegundir sem flokkast í vörulið 7013 samkvæmt tollskrá. Reglurnar kveða á um þá skyldu að merkja og greina efni í borð-, skrifstofu-, bað- eða eldhúsbúnaði úr gleri og í glervörum til innanhússskreytinga eða áþekkra nota.

Undanþága.

2. gr.

Reglur þessar gilda ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samsetning, framleiðslueiginleikar og merking.

3. gr.

Einungis er heimilt að markaðssetja og auglýsa vörur sem um getur í 1. gr. ef upplýsingar um samsetningu, framleiðslueiginleika og merking vörunnar er með þeim hætti sem tilgreint er í viðauka I við reglur þessar.

Óheimilt er að nota heitin í dálki b í viðauka I í viðskiptum með vörutegundir sem ekki hafa einkenni sem tilgreind eru í dálkum d til g í sama viðauka. Einungis vörur sem reglur þessar taka til og uppfylla kröfur samkvæmt viðauka I má merkja með þeim táknum sem sýnd eru í dálkum h og i í sama viðauka. Heiti og auðkennistákn, sem eru sýnd í viðauka I, má birta á einum og sama merkimiða.

4. gr.

Ef vara, sem reglur þessar taka til, ber heiti sem talið er upp í dálki b í viðauka I, má einnig merkja hana með samsvarandi auðkennistákni, eins og sýnt er og lýst í dálkum h og i í sama viðauka.

Þegar vörumerki, heiti fyrirkæpis eða önnur áletrun felur í sér, hvort heldur sem er megin-efni, einkunn eða stofn eða heiti sem birt er í dálkum b og c í viðauka I, eða heiti sem rugla má saman við þau heiti, skal á undan téðu vörumerki, heiti eða áletrun skráð með áberandi lettri;

- a) skilgreiningu vörunnar, hafi varan þá eiginleika sem tilgreindir eru í dálkum d til g í viðauka I,
- b) nákvæma umsögn um eðli vörunnar, hafi varan ekki þá eiginleika sem greindir eru í dálkum d til g í viðauka I.

Greiningaraðferð.

5. gr.

Nota skal þær aðferðir sem mælt er fyrir um í viðauka II þegar sannprófa á að vara, sem ber heiti sbr. dálk b og auðkennistákn sbr. dálka h og i í viðauka I, hafi einkenni samsvarandi þeim, sem tilgreind eru í dálkum d til g í sama viðauka.

Viðurlög.

6. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum skv. 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Gildistaka.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og öðlast gildi við birtingu.

Með reglunum er Ísland að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).*

* Reglurnar taka mið af tilskipun ráðsins frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler nr. 69/493/EBE.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 28. maí 1998.

Gunnar G. Þorsteinsson.

Kristín Færseth.

VIÐAUKI I

Skrá yfir flokka kristallsglers.

Nr.	Heiti flokks	Einkenni					Merking			
		Skýringar	Málmoxíð (%)	Þéttni	Brot-stuðull	Yfirborðs-harka	Lögun tákns	Aths.		
- a -	- b -	- c -	- d -	- e -	- f -	- g -	- h -	- i -		
1	CRISTAL SUPERIEUR 30%	Afnót af heiti eru frjáls, án tillits til upprunalandis eða viðtökulands	PbO ≥30%	≥3,0	x			Kringlótt merki Litur: gylltur. Þvermál ≥ 1 sm		
	CRISTALLO SUPERIORE 30%									
	HOCHBLEIKRISTAL 30%									
	VOLLODKRISTAL 30%									
2	CRISTAL AU PLOMB 24%	Hundraðstalan táknar blýoxíðsinnihald	PbO ≥24%	≥2,90	x					Kringlótt merki Litur: gylltur. Þvermál ≥ 1 sm
	CRISTALLO AL PIOMBO 24%									
	BLEIKRISTALL 24%									
	LOODKRISTAL 24%									
3	CRISTALLIN VETRO SONORO SUPERIORE	Aðeins er heimilt að nota heitin á máli eða málum landsins þar sem varan er markaðssett	ZnO BaO PbO K ₂ O, eitt eða fleiri, ≥10%	≥2,45	nD ≥1,520			Ferkantað merki Litur: silfraður. Hlið: ≥ 1 sm		
	KRISTALLGLAS KRISTALLIINGLAS ¹ SONOORGLAS ²									
4	VERRE SONORE VETRO SONORO KRISTALLGLAS SONOORGLAS	Undantekning: Á þýskum markaði má selja pressað gler sem inniheldur 18% PbO, með lágmarkspéttni 2,70 með heitinu „PRESS-BLEIKRISTALL“ eða „BLEIKRISTALL GEPRESST“ (með hástöfum)	BaO PbO K ₂ O, eitt eða fleiri, ≥10%	≥2,40		Vickers —550 ±20		Merki er jafnhliða þríhyrnur Litur: silfraður. Hlið: ≥ 1 sm		

x nD ≥ 1,545 sem viðmiðun fyrir frekari ákvörðun varanna (við innflutning).

1 Í Belgíu.

2 Í Hollandi.

VIÐAUKI II

Aðferðir við að ákvarða efnafræðilega og eðlisfræðilega eiginleika flokka kristallsglers.**1. EFNAFRÆÐILEGAR GREININGAR****1.1. BaO og PbO****1.1.1. Ákvörðun heildarmagns BaO + PbO**

Glerduft, um 0,5 g er vegið með 0,0001 g nákvæmni og sett í platínuflát. Vætt með vatni og 10 ml af 15% brennisteinssýrulausn og 10 ml af flúorsýru bætt við. Sýnið er hitað í sandbaði uns hvítar gufur stíga upp. Látið kólna og 10 ml af flúorsýru bætt við aftur. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna og ílátið skolað að innan með vatni. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna, 10 ml af vatni bætt varlega út í, og sýnið sett yfir í 400 ml bikarglas. Ílátið er skolað nokkrum sinnum með 10% brennisteinssýrulausn, þynnt upp að 100 ml með sömu lausn. Látið sjóða í 2-3 mínútur og látið standa yfir nótt.

Sýnið er síað gegnum síudeiglu, grop 4, sem fyrst er þvegin með 10% brennisteinssýrulausn, síðan tvisvar eða þrisvar með etanóli. Þurrkað í klukkustund í ofni við 150° C. BaSO₄ + PbSO₄ er vegið.

1.1.2. Ákvörðun BaO

Glerduft, um 0,5 g, er vegið með nákvæmni upp á 0,0001 g og sett í platínuflát. Vætt með vatni og 10 ml af flúorsýru og 5 ml af perklórsýru bætt við. Hitað í sandbaði uns hvítar gufur stíga upp.

Látið kólna og 10 ml af flúorsýru bætt út í aftur. Hitað uns hvítar gufur stíga upp á ný. Látið kólna og ílátið skolað að innan með eimuðu vatni. Hitað áfram og látið gufa upp þar til nánast allur vökvi er horfinn. Látið út í 50 ml af 10% saltsýrulausn og hitað lítillega til þess að greiða fyrir upplausn. Hellt yfir í 400 ml bikarglas og þynnt upp að 200 ml með vatni. Suðan látin koma upp og straumi brennisteinsvetnis hleypt í gegnum heita lausnina. Þegar botnfall blýsúlfíðs sest í botn bikarglassins er skrúfað fyrir brennisteinsvetnið. Síað um þetta pappírssíu og þvegið með köldu vatni sem er mettað brennisteinsvetni.

Síuvökvinn er soðinn og, ef þörf krefur, látinn rýrna við uppgufun niður í 300 ml. Út í sjóðandi lausnina er bætt 10 ml af 10% brennisteinssýrulausn. Hitagjafi er fjarlægður og síuvökvinn látinn standa eigi skemur en fjórar klukkustundir.

Síað um þetta pappírssíu og þvegið með köldu vatni. Botnfallið brennt upp að 1050° C og BaSO₄ vegið.

1.2. Ákvörðun ZnO

Síuvökvinn frá aðskiljun BaSO₄ er látinn rýrna við uppgufun niður í 200 ml. Lausnin er gerð hlutlaus með ammóníaki, metýlrautt notað sem litvísir, og 20 ml af 1/10 N brennisteinssýru bætt við. Sýrustig 2 (á pH-mæli) er náð með því að bæta 20 ml af 1/10 N brennisteinssýru eða 1/10 N vítissódalausn eftir því sem verkast vill, og sink-súlfíðið látið botnfalla í kulda með því að hleypt er á straumi brennisteinsvetnis. Botnfallið er látið standa í fjórar stundir og því safnað í þéttan síupappír. Þvegið með vatni sem er brennisteinsvetnismettað. Botnfallið er leyst upp á síunni með því að hellt er í gegnum það 25 ml af heitri 10% saltsýrulausn. Sían er þvegin með sjóðandi vatni þar til um 150 ml er náð. Lausnin er gerð hlutlaus með ammóníaki með lakkmuspappír sem litvísi, þá er bætt 1-2 g af föstu úrótropíni til þess að jafna lausnina í um það bil 5 pH-stig. Nokkrum dropum af nýblandaðri 0,5% vatnslausn xýlenólsappelsínuguls er bætt við og titrað með 1/10 N Complexon III-lausn þar til rósrauði liturinn breytist í sítrónugult.

1.3. Ákvörðun K_2O

Með því að botnfella kalíumterfenýlbórat og vega.

Aðferð: 2 g af gleri, sem búið er að mala og sigta, eru leyst upp í

2 ml af hreinu HNO_3

15 ml af HCO_4

25 ml af HF

í platínufláti í vatnsbaði og síðan í sandbaði. Þéttar perklórsýrugufur losna (uppgufun haldið áfram þar til sýnið þornar), þá er sýnið leyst upp í 20 ml af heitu vatni og 2-3 ml af hreinni saltsýru.

Sýninu er hellt yfir í 200 ml mælikolbu og fyllt upp að marki með eimuðu vatni.

Hvarfefni: 6% lausn natríumtetrafenýlbórats: 1-5 g hvarfefnisins eru leyst upp í 250 ml af eimuðu vatni. Það litla grugg sem eftir verður þegar bætt er í 1 g af vötnuðu áli. Lausnin er hrist í fimm mínútur og síuð, þess er gætt að sía aftur fyrstu 20 ml sem fást.

Lausn til að þvo botnfallið: Dálítið af natríumsalti er framleitt með því að láta botnfalla um 0,1 g af KCl í 50 ml 1/10 N HCl og tetrafenýlbóratslausninni er bætt við og hrært í þar til útfellingu lýkur. Síð gegnum glersíu. Þvegið með eimuðu vatni og þurrkað í þurrkara við stofuhita. Síðan er 20-30 mg af saltinu hellt út í 250 ml af eimuðu vatni. Hrært í af og til. Eftir 30 mínútur er 0,5-1 g af vötnuðu áli bætt út í. Hrært í nokkrar mínútur og síað.

Framkvæmd: Tekinn er deiliskammtur af súra niðurbrotsefninu sem svarar til um 10 mg af K_2O . Hann er þynntur upp að um 100 ml. Hvarfefnislausninni er bætt varlega út í, um 10 ml fyrir hver áætluð 5 mg af K_2O og hrært lítillega. Lausnin er látin standa innan við fimmtán mínútur og síuð með síu úr hertu gleri, grop 3 eða 4. Þvegið með þar til gerðri lausn og þurrkað í þrjátíu mínútur við $120^\circ C$. Breytistuðull er 0,13143 fyrir K_2O .

1.4. Vikmörk

$\pm 0,1$ í algildi við hverja ákvörðun. Leiði greining lægra gildi í ljós, innan vikmarka, en uppgefin eru (30, 24 eða 10%), er meðaltal eigi færri en þriggja greininga tekið. Ef slíkt meðaltal reynist herra en eða jafnt 29,95, 23,95 eða 9,95, eftir því sem við á, skal glerið teljast tækt í flokki 30, 24 og 10%, eftir því sem við á.

2. EÐLISFRÆÐILEG SKILGREINING

2.1. Þéttni

Aðferð með því að styðjast við vatnsþrýstingsjafnvægi með nákvæmni upp á $\pm 0,01$. Sýni, sem er a.m.k. 20 g, er vegið í lofti og á kafi í eimuðu vatni við $20^\circ C$.

2.2. Brotstuðull

Stuðullinn er mældur á ljósbrotsmæli með nákvæmni upp á $\pm 0,001$.

2.3. Míkróharka

Vickershórku á að mæla samkvæmt staðli ASTM E 92-65 (endurskoðun frá 1965) en miðað skal við 50 g þyngd og meðaltal eigi færri en 15 ákvarðana.